



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7.mars 2008

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, 410. mál**

Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar á ofangreindum lögum sem miða að því að bæta kjör aldraðra og auka þátttöku þeirra á vinnumarkaði. Í athugasemdum með frumvarpinu eru jafnframt boðaðar breytingar á hliðstæðum lagaákvæðum varðandi öryrkja, endurskoðun örorkumats og efling starfsendurhæfingar, sem miða með hliðstæðum hætti að því að auka atvinnuþátttöku öryrkja.

Mikilvægustu ákvæði frumvarpsins felast í því að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67-70 ára úr 25 þús.kr. í 100 þús. kr. á mánuði frá og með 1. júlí 2008 og ákveða 300 þús. kr. frítekjumark á ári á tekjur örorkulífeyrisþega úr lífeyrissjóðum. Þá er gert ráð fyrir afnámi skerðingar tryggingabóta vegna tekna maka, ráðstöfunum til að draga úr of- og vangreiðslum tryggingabóta m.a. með 90 þús.kr. frítekjumarki á fjármagnstekjur og afnámi á skerðingu lífeyrisgreiðslna vegna innlausnar séreignasparnaðar frá árinu 2009.

Samtök atvinnulífsins hafa vakið athygli á því að á næstu árum og áratugum mun öldruðum Íslendingum fjölga mjög mikið, en að sama skapi muni fólki á vinnualdri og börnum fækka verulega hlutfallslega. Þessi fyrirséða mikla breyting á aldursamsetningu þjóðarinnar mun takamarka hagvöxt og draga úr lífskjarabata og valda viðvarandi vinnuaflosskortri auk þess að hafa í för með sér auknar kröfur um heilbrigðis- og almannaþjónustu og þrýsting til aukinnar skattbyrði. Meðal nauðsynlegra úrræða til að takast á við þessa áskorun eru leiðir til þess að auka atvinnuþátttöku aldraðra. Auk þess að bæta verulega kjör aldraðra telja SA að frumvarp þetta feli í sér mikilvæg skref í þessa átt og lýsa því stuðningi sínum við þau.

Þá hafa Samtök atvinnulífsins ítrekað lýst áhyggjum af sívaxandi fjölgun öryrkja og alltof hárrí örorkutíðni, en sú alvarlega þróun leiðir til hækkandi kostnaðar samfélagsins og brotthvarfs af vinnumarkaði. Þótt atvinnuþátttaka hér á landi sé almennt með því hæsta sem þekkest í heiminum, er þessu algjörlega öfugt farið hvað varðar atvinnuþátttöku öryrkja. Hefur aukinn kostnaður vegna fjölgunar öryrkja meðal annars komið niður á lífeyrissjóðunum sem hafa þurft hærri iðgjöld til þess að rísa undir auknum kostnaði vegna örorku jafnframt því sem getu lífeyrissjóða til greiðslu eftirlauna er ógnað. Hafa SA í þessu sambandi m.a. lagt áherslu á endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar, sbr. m.a. yfirlýsingu ASÍ og SA um Endurhæfingarsjóð í tengslum við nýgerða kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp þetta vinnur framkvæmdanefnd forsætisráðherra að tillögum um endurskoðun örorkumats og eflingu



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

starfsendurhæfingar og er gert ráð fyrir að þær miði að bættem úrræðum og leiðum til aukinnar atvinnuþátttöku öryrkja. Eru þær yfirlýsingar sem í athugasemdum með frumvarpinu felast í samræmi við umræður Samtaka atvinnulífsins við stjórnvöld um þetta efni að undanförmu.

Með hliðsjón af framanrituðu lýsa Samtök atvinnulífsins stuðningi sínum við frumvarpið og hvetja til þess að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

*Hannes G. Sigurðsson*

Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri

